



Æskulýðsnefnd Sörli

Fréttabréf frá starfinu veturinn 2011-2012

23.september 2012

Vetrardagskráin var með fjölbreyttu móti hjá okkur í Sörli og ætlum við að fara yfir starfið í þessu fréttabréfi.



Æskulýðsnefnd

Formaður

Sigríður Theodóra Eiríksdóttir

Gjaldkeri

Margrét B. Sigurðardóttir

Meðstjórnendur

Sigríður Oddsdóttir

Sigurjón Hendriksson

Ritari

Pórdís Björk Sigurbjörnsdóttir

Tengiliður við stjórn

Thelma Víglundsdóttir

Knapamerkjanámskeið


Hjá Sörla voru haldinn knapamerkjanámskeið 1,2,3 og 4. Bóklega námið fór fram í desember og síðan byrjuðu krakkarnir í verklegu námi í janúar sem lauk í mars. Það voru 20 börn og unglingar sem kláruðu námskeiðin með glæsibrag.

Kennarar voru Sindri Sigurðsson og Friðdóra Friðriksdóttir og var mikil ánægja með með þeirra störf.



BINGÓ !

Í Janúar héldum við brjálað Bingó og mættu hátt í 100 krakkar og einhverjir tóku foreldrana með. Við buðum upp á veitingar og spiluðum síðan Bingó í tvö klukkátíma því þar sem vinningarnir voru svo margir ætlaði fjörið aldrei að enda. Vinningar voru allt frá gjafamiðum í bíó og á veitingarstaði upp í aðalvinninga sem voru beisli og einkakennsla í reiðmennskunni.



Jólaball

Jólaballið sem er orðin árlegur viðburður var haldið 29. desember í brjáluðu verðri. Það skyggði þó ekki á gleðina sem ríkti.

Fullorðnir og börn skemmtu sér saman og jólasveinarnir mættu á svæðið með fullan poka að góðgæti. Siggi Hlö mætti með tónlistina og sýndi einstaka takta.

Veitingarnar voru í boði foreldra og aðstandenda sem mættu með stútfulla bakka af veitingum og fylltu hlaðborð sem gestir gæddu sér á. Við fengum jólatréið hjá Skógrækt Hafnarfjarðar og var það glæsilega skreytt af nefndarmönnum og konum ☺

Heimsókn á Gegnishóla

29.febrúar fór Æskulýðsnefndin með 20 stelpur í kolvitlausu veðri í heimsókn til Olil Amble og Bergs á Gegnishóla.

Gestgjafar fóru með hópinn í skoðunarferð um hesthúsin og gæðingarnir skoðaðir. Í framhaldi sýndi Olil hópnum hvernig unnið er með hestana þar á bæ. Það mátti heyra saumnál detta, þar sem hópurinn var svo áhugasamur.

Á eftir var boði í pizzu og allir héldu heim saddir og sælir.



Smalakeppni

Í febrúar var haldin smalakeppni á vegum æskulýðsnefndarinnar í annað sinn. Þáttakan var mikil og allir skemmtu sér vel. Keppt var í pollaflokki, barnaflokki, unglingaflokki og ungmennaflokki. Einhverjir eldri vildu þó líka fá að spreyta sig og var þeim boðið að taka þátt í ungmennaflokkinum. Talsvert var um skemmtilega takta og náði Brynja Kristinssdóttir besta tímanum á mótinu 32.97 sek. á hryssunni Fiðlu.



Pollanámskeið

Hjá Sörla var haldið námskeið fyrir þau allra yngstu sem eru að stíga sín fyrstu skref. Námskeiðið var sex skipti og var fyrir börn fædd árið 2000 og yngri. Kennarinn Rósa Birna Þorvaldsdóttir kenndi krökkun almennt um hestinn og reiðmenskuna. Krakkarnir skemmtu sér mjög vel og sýndu miklar framfarir. Glæsilegir knapar þarna á ferðinni!



Keppnisnámskeið í mars

Keppnisnámskeið var haldið í mars og var einstaklingsmiðað námskeið. Allir tímarnir 8 voru verklegir einkatímar þannig að hver og einn fékk kennslu við hæfi.

Æfingarmót Sörla

Laugardaginn 28. mars stóð æskulýðsnefndin fyrir æfingamóti fyrir börn, unglinga og ungmenni.

Sem var einnig hluti af lokahnykk keppnisnámskeiðsins og fengu þáttakendur umsögn um frammistöðu sína frá hverjum dómara. 23 hross voru skráð til leiks og 16 knapar.

Okkur langar til að þakka öllum þessum duglegu krökkum og ungmennum sem tóku þátt í þessu með okkur, þau stóðu sig öll með stakri þryði þrátt fyrir MJÖG blautt veður. Gaman er að geta þess að systurnar Hanna Rún og Sunna Lind Ingibergsdætur riðu 7 af þessum 23 hrossum til dóms, það má segja að þetta hafi verið full vinna hjá þessum duglegu systur.

Sumir þátttakendur mótsins höfðu nýlokið keppnisnámskeiði undir stjórn reiðkennarans Rósu Birnu Þorvaldsóttur og var hún á mótinu þeim og öðrum til stuðnings.

Öll störf á mótinu voru unnin í sjálfböðavinnu og vill Æskulýðsnefndin nota tækifærið og þakka öllum fórnfúsum og jákvæðum Sörla félögum kærlega fyrir vel unnin störf. Sérstakar þakkir fá dómarar mótsins sem ekki voru af verri endanum allt landsdómarar og Sörla félagar að sjálfsögðu en þeir voru. Sindri Sigurðsson, Magnús Sigurjónsson, Darri Gunnarsson, Sævar Leifsson og Sigurður Ævarsson. Við þökkum ykkur kærlega fyrir að standa vaktina í bleytunni með bros á vor.

Einnig langar okkur að þakka Svenna formanni mótanefndar fyrir alla aðstoðina við framkvæmd mótsins og þulastarfið. Og síðast en ekki síst þökkum við hliðvörðum og riturum þeirra störf.

Hliðverðir voru Thelma Dögg, Agnes Lína, Sigurjón Hendriks og Hörður Hermannsson Ritarar voru Sigga, Magga, Valka, Guðni og Hafdís Arna. Starfsmaður í dómpalli var Brynja Kristinsdóttir.

Án alls þessa góða fólks hefðum við ekki getað haldið þetta skemmtilega mót. Þarna var sannur félagsandi í loftinu. Kærar þakkir fyrir skemmtilegt mót.

Æskan og hesturinn

Sunnudaginn 1.apríl fór fram Æskan og Hesturinn í reiðhöllinni í Víðidal.

Þar voru 8 Sörla krakkar og unglingar sem sýndu frábært atriði sem þau höfðu æft undir handleiðslu Ástu Björns og Sigríðar Maríu. Þær stöllur hönnuðu einnig búningana. Auk Sörlaatriðins voru ungmennin okkar í tveimur öðrum atriðum. Annað atriðið var samsett með afreksknöpum frá öllum félögunum og hitt var U21 atriðið.

Hamborgaraveisla!

Haldin var grillveisla með hópnum sem tók þátt í Æskan og Hesturinn á Hestadögum þar gátu allir spjallað um afrek sín í sýningunni.



Hestadagar

Margir krakkar úr Sörla tóku þátt skróðreiðinn á hestadögum. Þau klæddu sig öll upp og mættu í keppnisfötum og voru félöginu til sóma. Sörlafélagar hjálpuðust að við að koma hestum og fólki til og frá Reykjavík og heppnaðist skróðgangan mjög vel.



Molar frá Æskulýðsnefnd :

Í vetur bættist Æskulýðsnefndin við þá fjöldamörgu facebook notendur.á Íslandi. Þetta virkaði vel, við settum inn allar tilkynningar og upplýsingar um námskeiðin og krakkarnir voru fljót að taka við sér. Hér er slóðin <https://www.facebook.com/groups/sorli/>

Í vetur buðum við krökkunum að taka þátt í að losa dósakúluna, þetta gekk vel og voru margir sem tóku þátt og nýttu andvirðið til þess að greiða niður reiðkennslu vetrarins.

Æskulýðsnefndin bauð upp á þá nýjung að bjóða þeim sem unnu sér inn þáttökurétt á Landsmót 2012, einkakennslu frá reiðkennara og aðstoð við upphitun á keppnisdegi frá reiðkennarnum.

*Við þökkum kærlega fyrir veturinn og öllum þessum
frábæru krökkum sem tóku þátt í starfinu með okkur.*

*Við þökkum líka öllum þeim sem aðstoðu okkur og styrktu
til að við gætum gert þetta allt af veruleika.*

**F.H Æskulýðsnefndar Sörla
Með kveðju,**

Pórdís Björk Sigurbjörnsdóttir, ritari